

Ár 2010, 22. nóvember, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 1/2010:

A
og
B og C.

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir, Arnfríður Einarsdóttir og sr. Hreinn S. Hákonarson.

Upp er kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er A, sóknar barn í ...sókn, sbr. erindi hennar til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 14. júní 2010. Erindi málshefjanda beinist annars vegar að B, kirkjuverði í ...kirkju og hins vegar C, formanni sóknarnefndar ...sóknar.

2. KRÖFUGERÐ

Endanleg kröfugerð málshefjanda, sbr. greinargerð dags. 18. október 2010, er að:

1. Gagnaðilar, vegna lyga og trúnaðarbrotá gagnvart málshefjanda, hljóti endanlega brottvikningu úr störfum sínum við ...kirkju.
2. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar leggi til gagngera endurskoðun á vinnubrögðum og úrræðum prófesta og Biskupsstofu við meðferð ágreiningsmála eins og trúnaðarbrotá, þannig að brotaþolar geti treyst á faglega starfshætti hjá þessum ábyrgðaraðilum.

Þá krefst málshefjandi þess að hafnað verði kröfu gagnaðila um að málshefjandi greiði allan kostnað vegna málsmeðferðarinnar.

Gagnaðilar krefjast þess að öllum kröfum málshefjanda verði alfarið hafnað. Þá krefjast gagnaðilar þess að málshefjandi verði úrskurðuð til að greiða allan kostnað vegna meðferðar málsins hjá úrskurðarnefnd, þ.m.t. vegna starfa nefndarinnar.

3. MÁLAVEXTIR

Málshefjandi lýsir málavöxtum svo í erindi sínu dags. 14. júní 2010 til nefndarinnar: Hinn 5. mars 2010 kl. 15:42 hringdi málshefjandi úr heimasíma sínum, xxx, í ...kirkju, og óskaði eftir því að tala við nýjan sóknarprest, D. Símanum svaraði gagnaðili B kirkjuvörður. Hann innti málshefjanda eftir fullu nafni. Málshefjandi sagðist heita A. Hann bað þá um fjöðurnafn og skýrði málshefjandi honum þá frá því að hún væri ...dóttir. Gagnaðili B sagði D ekki vera í kirkjunni. Málshefjandi spurði þá hvort hann ætti ekki að vera í kirkjunni á ákveðnum tímum svo hún sem sóknar barn gæti nálgast hann. Málshefjandi sagði gagnaðila B ekkert hafa

gefið út á það. Málshefjandi segist þá hafa sagt við gagnaðila B að hún gerði kröfu til þess að geta nálgast sóknarprestinn í kirkjunni. Málshefjandi segir gagnaðila B hafa þagað um stund og taldi hún að hann væri eitthvað að gera í tölvunni. Eftir nokkra þögn sagði gagnaðili B henni hvert farsímanúmer C væri og ráðlagði henni að hringja í hann og spyrja hvernig hann vildi hafa þetta í kirkjunni. Fimm dögum síðar segir málshefjandi að hún hafi verið að setjast við kaffiborð á kaffistofu ...skóla þar sem hún starfar sem sérkennari. Þar hafi komið að gagnaðili C sem er formaður sóknarnefndar ...sóknar en jafnframt kennar i við sama skóla. Hann hafi faðmað málshefjanda að sér og sagt: A mín, hvað ert þú að „böggga“ hann B í kirkjunni“. Málshefjandi segist hafa orðið orðlaus en þó náð að svara að hún hafi ekki verið að „böggga“ hann B í kirkjunni og að hún hafi ekki áhuga á að ræða þetta við hann á kaffistofunni. Gagnaðili C hafi þá boðið henni að ræða þetta við hann, hún gæti nefnt stað og stund. Málshefjandi segist ekki hafa svarað gagnaðila C.

Málshefjandi segist hafa næsta dag, hinn 11. mars sl., sent biskupi Íslands greinargerð um þetta trúnaðarbrot sem hún bað um að hann tæki til alvarlegrar íhugunar og afgreiddi málið með viðeigandi hætti. Hinn 16. mars 2010 hafi málshefjandi fengið tölvupóst frá skrifstofustjóra Biskupsstofu um að hún hafi áframsent prófasti ...prófastsdæmis kvörtun hennar til biskups því skv. reglum væri það prófastur sem kæmi að kvörtunarmálum á undan biskupi. Hinn 19. mars sl. hafi E prófastur hringt í hana og beðið hana um að samþykkja að hún geti hinkrað með að taka trúnaðarbrotið fyrir þar sem hún sé hrædd um að það hafi slæm áhrif á samstarfssamning milli F og D sem þá var til meðferðar hjá henni. Málshefjandi segist hafa samþykkt það en liðið illa með það og því sent hinn 20. mars tölvupóst til E og bent á að trúnaðarbrotið hafi ekkert með

samstarf sóknarprests og prests að gera og sig skipti miklu að kvörtun hennar væri tekin til meðferðar. Hinn 26. mars 2010 hafi málshefjanda borist afrit af fyrra bréfi gagnaðila C og B stílað á E. Í bréfinu ljúgi þeir báðir upp á hana tveimur símtölum að morgni 5. mars 2010.

Málshefjanda hafi borist síðara bréf frá gagnaðilum dags. 29. mars 2010. Þar biðji þeir hana afsökunar á forsendum lyga þeirra sjálfra í hennar garð.

Málshefjandi segist hafa haft samband við skrifstofustjóra Biskupsstofu hinn 6. apríl sl. og kvartað yfir vinnubrögðum prófasts. Hinn 21. apríl sl. fékk málshefjandi bréf frá skrifstofustjóranum þar sem sagt sé að hún hafi fengið afsökunarbeiðni frá gagnaðilum, því teldist málinu lokið og að biskup teldi ekki ástæðu til frekari afskipta hans af málinu.

Málshefjandi skýrir frá því í kvörtun sinni að hún sé ósátt við að málinu skuli teljast lokið af hálfu biskups Íslands og beinir kvörtun sinni bæði að trúnaðarbroti og lygum gagnaðila C og B

Gagnaðilar lýsa málavöxtum svo að hinn 5. mars 2010 rétt fyrir kl. 11:00 um morguninn hafi gagnaðili B svarað í almennan síma kirkjuvarðar xxx. Í símanum hafi verið kona sem kynnti sig sem A og spurði hvort D væri í kirkjunni. Gagnaðili B hafi svarað henni neitandi en gefið henni upp símanúmer D. Konan hafi þá viljað vita hvort D væri með lykil að kirkjunni og gagnaðili B hafi svarað að hann hafi fengið lykil að kirkjunni. Konan hafi þá spurt hvernig gagnaðili B vissi það. Gagnaðili B hafi þá upplýst að hann sjálfur hefði afhent D lykilinn. Konan hafi þá spurt gagnaðila B að því hvort D væri ekki prestur nr. eitt. Hann hafi þá svarað því að hann númeraði engan starfsmann kirkjunnar heldur nefndi þá með nafni. Í framhaldi af þessu hafi hann beðið konuna að upplýsa um föðurnafn en hún hafi svarað að það skipti ekki máli og símtalinu þar með lokið.

Skömmu síðar sama morgun hafi D hringt í gagnaðila B og sagt hann hafa farið með rangt mál gagnvart konunni sem hringdi skömmu áður því hann væri prestur nr. eitt. Gagnaðili B á þá að hafa óskað eftir því að D kæmi strax til þess að funda um þessi mál. D hafi lofað að hitta gagnaðila B kl. 13:00 þennan sama dag.

Í beinu framhaldi hringdi gagnaðili B í yfirmann sinn, gagnaðila C þar sem um var að ræða mál er snéri að sóknarnefnd en ekki störfum kirkjuvarðar. Hann upplýsti formanninn um símtölin og óskaði eftir því að formaður sæti boðaðan fund kl. 13.

Kl. 11:07 hringdi kona í kirkjuvörð. Án nokkurs formála bar hún kirkjuvörð lygum þegar hann segi D hafa lykil að kirkjunni. D væri ekki með lykil að skrifstofu prests og þess vegna færi hann með lygi. Gagnaðili B spurði þá konuna að nafni og sagðist hún þá heita Á. Hann spurði þá hvers dóttir hún væri og upplýsti konan þá að hún væri ...dóttir. Lauk þar með símtalinu.

D hitti gagnaðila á umsömdum tíma og voru símtöl morgunsins rædd. Á fundinum var rætt að kona sem kynnti sig sem A hafi átt símtöl við gagnaðila B um morguninn. D viðurkenndi símtölin en gaf ekki upp hver hefði hringt. Lauk svo fundinum.

Um kl. 15:42 hringdi kona í gagnaðila B og kynnti sig sem A. Hún spurði um símanúmerið hjá D og fékk hjá kirkjuverðinum. A þessi hafi þá spurt gagnaðila B að því hvort D væri ekki prestur kirkjuvarðar rétt eins og hennar. Kirkjuvörður segist hafa svarað því til að það væri prestur í kirkjunni. Lauk svo símtalinu.

Fimm dögum síðar hafi gagnaðili C hitt málshefjanda á kaffistofu ...skóla. Málshefjandi hafi setið ein við borð og enginn þar nærri í heyranda hljóði. Gagnaðili C hafi þá tekið utan um öxl málshefjanda og sagt „Hvað ert þú að „böggja“ hann B kirkjuvörð.“ Málshefjandi hafi þá svarað því til að ef hún þyrfti að tala við C þá myndi hún panta tíma. Gagnaðili C hafi þá sagt henni að hann væri tilbúinn til að ræða við hana hvenær sem væri. Málshefjandi hafi ekki kosið að nýta sér tilboð hans um viðtal eða samræður og því hafi þar með lokið samskiptum þeirra. Gagnaðilar hafi talið mál þetta eða þrætum vegna þess vera lokið.

Í mars sl. hafi prófastur ...prófastsdæmis óskað eftir því að gagnaðilar rituðu afsökunarbréf til málshefjanda. Það hafi þeir gert með bréfi dags. 24. mars 2010. Að beiðni prófasts hafi annað afsökunarbréf verið ritað hinn 29. mars 2010. Gagnaðilar hafi talið að þar með væri málinu lokið. Því hafi komið þeim í opna skjöldu að fá tilkynningu frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar í júlí sl. um að málið væri þar til meðferðar.

4. MÁLSÁSTÆÐUR MÁLSHEFJANDA

Í erindi sínu dags. 14. júní 2010 rökstyður málshefjandi kröfur sínar með eftirfarandi hætti: Upphaflega hafi hún kvartað yfir gagnaðilum vegna trúnaðarbrotis beggja gagnvart sér. Við meðferð kvörtunar hennar hjá E prófasti hafi gagnaðilar bætt um betur og borið hana þeim lygum að hafa hringt í ...kirkju kl. 10:50 og kl. 11:15 að morgni 5. mars sl. Ódregilegt sé af hálfu gagnaðila að bera hana þessum sökum því gagnaðila C megi vera ljóst að á þeim tíma sem þeir fullyrða að hún hafi hringt í ...kirkju hafi hún verið að sinna störfum sínum við ...skóla við árlegt „Flóafár“. Í öllum ferli málsins hafi gagnaðilar með engum hætti fengist til að ræða það trúnaðarbrot sem þeir hafi orðið berir að gagnvart henni.

Málshefjandi telur sig hafa sýnt fram á og sannað að það var ekki hún sem hringdi í ...kirkju kl. 10:50 og kl. 11:15 þennan umrædda morgun. Hringing hennar í síma ...kirkju hafi verið kl. 15:42, eins og gögn málsins staðfesti. Fullyrðingar gagnaðila um símtöl hennar á þessum tíma séu því ósannar.

Afsökunarbeiðnir gagnaðila, bæði hin fyrri, sem fól í sér lygar í hennar garð, og sú síðari, hafi verið skilyrtar. Þegar af þeirri ástæðu hafi málshefjandi ekki getað unað við afsökunarbeiðnirnar og vísað málinu til efnislegrar meðferðar úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.

Málshefjandi telur gagnaðila ekki hæfa til að gegna stöðum sínum við ...kirkju áfram. Í kirkjum landsins eigi að ríkja trúnaður. Störf beggja gagnvart málshefjanda, sem sóknarbarni í ...kirkju, beri ekki með sér réttlæti, heiðarleika, frið eða kristilegan kærleik.

Í viðbótargreinargerð dags. 18. október 2010 kemur fram að málshefjandi telur báða gagnaðila hafa með framgöngu sinni brotið allmörg ákvæði siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar. Þá hafi þeir báðir brotið skýrt gegn grundvallarreglu mannglegra samskipta: „Allt sem þér viljið, að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera.“ (Matt.7.12). Þá telur málshefjandi að gagnaðili C hafi með samtali sínu við hana hinn 10. mars sl. þverbrotið starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998. Formanni sóknarnefnda sé falið eitt sérverkefni í 13. gr. starfsreglnanna, þ.e. að boða fundi í sóknarnefnd og stýra þeim. Hið sjálfskipaða verkefni hans að morgni 10. mars um að hafa frumkvæði að því að ásaka hana ranglega um að „böggja“ kirkjuvörðinn og ásaka hana ranglega um þrjú símtöl að morgni 5. mars sl. hafi ekki samræmst verksviði hans sem formanns sóknarnefndar. Málshefjandi telur gagnaðila hafa brotið eftirfarandi atriði í siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar:

1. Þeir hafi ekki gert sér far um að mæta hverjum einstaklingi í kærleika Krists eftir því sem skilningur og samviska bjóða hverju sinni og látið sér annt um líðan og velferð annarra.
2. Þeir hafi ekki gætt að heiðarleika í starfi og að orð og athæfi samrýmist starfi og umhverfi, stað og stund.
3. Gagnaðili B hafi farið beint til gagnaðila C með heiðarlega bón hennar um að nálgast sókn arprestinn. Með því vanvirtu gagnaðili B þagnarskyldu um hvað eina sem hann verður áskynja í starfi og leynt skuli fara. Starfsskyldur sóknarnefnda komi skýrt fram í starfsreglum um þær nr. 732/1998. Þar sé ekkert að finna sem styðji framburð gagnaðila B um að gagnaðili C sem formaður sóknarnefndar eigi að fá fréttir af símtali málshefjanda. Þetta komi nánar fram í 2. og 3. gr. starfsreglna um sóknarnefndir.
4. Gagnaðili C virti ekki þagnarskyldu um hvað eina sem hann hafi orðið áskynja um í starfi og leynt skuli fara. Með framgöngu sinni á kaffistofunni upplýsir hann málshefjanda um trúnaðarleka gagnaðila B og um leið um trúnaðarleka sjálfs sín. Gagnaðili B hafi borið ljúgvitni gagnvart gagnaðila C um að málshefjandi hafi hringt tvisvar sinnum í kirkjuvörð og einu sinni í D að morgni 5. mars. Hann beitti þá hvorki heilbrigðri dómgreind né gagnrýnni hugsun við móttöku ljúgvitnis þar sem hann, sem starfsmaður ...skólans, vissi fullvel hvaða störfum málshefjandi sinnti að morgni 5. mars sl. Með þessari framgöngu opinberi gagnaðili B jafnframt litla þekkingu á starfsviði sínu sem formaður sóknarnefndar sbr. 2., 3. og 13. gr. starfsreglna nr. 732/1998. Hann hafi auk þess á öllum málstímanum kosið að styðja ljúgvitni gagnaðila B.

5. Þeir gættu þess ekki að vanvirða ekki tilfinningar og tiltrú skjólstæðings síns.
6. Þeir hvorki þekktu né virtu takmörk sín.
7. Þeir misnotuðu aðstöðu sína, bæði með óviðeigandi hegðun og orðfæri.
8. Gagnaðili B hafi með háttarni sínu brotið siðareglu nr. 19 gagnvart sóknarprestinum þar sem hann með orðum sínum hafi ekki stuðlað að eindrægni og samhug og hafi ekki gætt virðingar í umtali.

Málshefjandi bendir einnig á að gagnaðilar hafi breytt frásögn sinni. Fyrst beri þeir ranglega þrjú símtöl að morgni 5. mars upp á málshefjanda, en breyti síðan þeirri frásögn. Þannig hafi gagnaðilar verið a.m.k. tvísaga þegar kemur að meintum hringingum hennar í síma kirkjunnar að morgni 5. mars sl. og vísar í gögn frá gagnaðilum því til stuðnings.

Málshefjandi telur að í málalíbúnaði gagnaðila í heild sinni gagnvart sér felist brot á 1., 2., 4. og 6. gr. og að hluta gegn 7. gr. siðareglna vígra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Málshefjandi mótmælir því sérstaklega að kirkjuvörður sé ráðinn af sóknarnefnd og að yfirmaður hans og annarra starfsmanna kirkjunnar sé formaður sóknarnefndar. Starfsreglur nr. 732/1998 styðji ekki þessa staðhæfingu og vísar málshefjandi í því sambandi til 3. og 17. gr. reglnanna.

Gagnaðilar neiti að horfast í augu við ólíðanleg mistök í starfi og ætla úrskurðarnefnd að eiga frumkvæði að því að synja henni um frekari úrlausn málsins. Þessi málsvörn gagnaðila sé ómálefnaleg og brot á siðareglum nr. 1, 2, 4 og 6.

Trúnaðarbrot gagnaðila gagnvart málshefjanda felist í tvennu: Annars vegar þegar gagnaðili B segir gagnaðila C frá nafni málshefjanda og þegar gagnaðili C gengur að málshefjanda á vinnustað.

5. MÁLSÁSTÆÐUR GAGNAÐILA

Í greinargerð lögmanns gagnaðila dags. 30. ágúst 2010 kemur fram að gagnaðili B hafi hinn 5. mars sl. gert gagnaðila, formanni sóknarnefndar, grein fyrir óvæntum áhuga þess sem hringdi fyrir hádegi þennan dag á innra skipulagi ...kirkju. Það sé mjög óvenjulegt að hringt sé með þessum hætti í síma kirkjuvarðar til að fá upplýsingar um innra skipulag kirkjunnar. Af þeirri ástæðu hafi kirkjuvörður metið sér skylt að upplýsa yfirmann sinn um símtölin. Úrskurðarnefnd hafi hafnað því að afla vitneskju um það úr hvaða símanúmerum var hringt þennan morgun í síma kirkjuvarðar. Þess vegna sé útilokað að fullyrða hver hafi hringt þó málshefjandi fullyrði að hún hafi ekki verið sá sem hringdi.

Eftir standi símtal málshefjanda við kirkjuvörðinn kl. 15:42 þennan sama dag. Kirkjuvörður telur sig hafa svarað erindi málshefjanda eftir bestu getu og gefið henni upp símanúmer D þar sem hann var ekki staddur í kirkjunni. Kirkjuvörður og formaður sóknarnefndar hafi ekki rætt sérstaklega þetta símtal málshefjanda enda ekkert óvenjulegt að sóknarbörn vilji ná tali af prest.

Gagnaðilar telja málalíbúnað málshefjanda byggðan á miklum misskilningi og skilja ekki á hverju krafa málshefjanda um að þeim verði vikið úr starfi sé byggð.

Málshefjandi beri margvíslegar ávirðingar á gagnaðila B. Gagnaðili B telur að það sem málshefjandi telji upp sé byggt á þeim upphaflega misskilningi að málshefjandi var talinn af gagnaðilum vera sá sem hringdi símtölin tvö um morguninn. Gagnaðili B hafi starfað við kirkjuna frá 2007. Hann hafi ætíð sinnt störfum sínum eftir bestu samvisku og

lagt rækt við kirkjuna. Jafnvel þótt nefndin komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi brotið af sér í starfi sínu sem kirkjuvörður á þann hátt sem rakið sé í bréfi málshefjanda þá réttlæti það ekki brottvikningu hans úr starfi. Málið verði að skoða í því ljósi að það er sóknarnefnd sem ræður kirkjuvörð og hún hefur boðvald yfir honum, þ.m.t. málefni er varða uppsagnir.

Málshefjandi beri ýmsar ávirðingar á gagnaðila C, sem telur að málið sé byggt á misskilningi. Þegar gagnaðili C hafi gefið sig á tal við málshefjanda í kaffistofu ...skólans 10. mars sl. hafi hann einungis viljað ræða símtölin við kirkjuvörð að morgni 5. mars sl. Hann hafi ekki haft í hyggju að ræða við hana um samskipti hennar við presta ...kirkju. Gagnaðili C sé þess því fullviss að með samtali sínu við málshefjanda hinn 10. mars sl. hafi hann á engan hátt brotið gegn trúnaði við málshefjanda enda hafi hún ekki trúað honum fyrir neinu. Gagnaðili C hafi starfað sem formaður sóknarnefndar í 11 ár og setið í nefndinni í u.þ.b. 19 ár. Hann hafi alla tíð starfað af heilindum fyrir kirkjuna. Hann telji sig hafa sinnt störfum sínum eftir bestu getu í þegnskylduvinnu og reynt að leysa þau vandamál sem kirkjuvörður og aðrir starfsmenn kirkjunnar komi með enda sé hann yfirmaður kirkju og starfsmanna. Gagnaðili C biðst velvirðingar á því hafi hann ekki „beitt heilbrigðri dómgreind“ eða „gagnrýnni hugsun“ á þeim stundum sem málshefjanda fannst á vanta. Hann telur að ef úrskurðarnefndin komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi brotið af sér sem formaður sóknarnefndar á þann hátt sem lýst sé í bréfi málshefjanda þá réttlæti það ekki brottvikningu hans úr sóknarnefnd. Þá verði að benda á að úrskurðarnefndin hafi ekki valdsvið til þess að taka á þeim ávirðingum sem á hann eru bornar sem starfsmaður ...skóla. Þá beri að benda á að formaður sóknarnefndar er kjörinn á aðalsafnaðarfundum til fjögurra ára í senn af sóknarbörnum og því vandséð hvernig hann verði þvingaður á brott á öðrum vettvangi.

Í síðari greinargerð gagnaðila dags. 25. október 2010 er áréttað að gagnaðilar telji málið snúast annars vegar um meintar lygar þeirra um að málshefjandi hafi átt svokölluð morgunsímtöl við kirkjuvörð að morgni 5. mars sl. Sá misskilningur sé löngu leiðréttur og sömuleiðis harmaður af hálfu gagnaðila og áréttað að beðið hafi verið velvirðingar á þeirri meingerð sem sá misskilningur kunnir að hafa haft í för með sér gagnvart málshefjanda. Um lygar í því sambandi sé ekki að ræða og verði gagnaðilum því ekki vikið úr starfi af þeim sökum. Þetta byggist á misskilningi sem rekja megi til blekkinga þess sem hringdi. Bagalegt sé að ekki hafi reynt vilji fyrir því hjá úrskurðarnefnd að upplýsa um það hver hafi staðið að baki þessum símtölum.

Eftir standi meint trúnaðarbrot gagnaðila gagnvart málshefjanda. Í því sambandi verði að skoða stöðu aðila. Kirkjuvörður gerði sínum yfirboðara kunnugt um morgunsímtölin enda hafi þau snúist um atriði sem ekki heyrðu undir kirkjuvörðinn. Fullkominn trúnaður ríki milli kirkjuvarðar og formanns sóknarnefndar, trúnaður sem aldrei hafi verið brotinn. Um sé að ræða þjóna kirkjunnar sem verði starfs og stöðu sinnar vegna að geta rætt um hvað eina er upp kemur. Afar brýnt sé að kirkjuverði sé játaður réttur til að ráðfæra sig við og upplýsa yfirboðara sinn, formann sóknarnefndar, um atriði er upp koma og tengjast ekki hans störfum eða starfssviði í kirkjunni. Með því sé umræddum erindum beint í réttan farveg. Kröfu málshefjanda um að kirkjuverði verði vikið úr starfi fyrir trúnaðarbrot í þessu sambandi sé því harðlega mótmælt. Yrði sú raunin sé vandséð hvernig starfsmenn í kirkjum landsins megi haga sínum störfum um ókomna framtíð öðru vísi en þeim verði vikið úr starfi reyni þeir að ráðfæra sig við sóknarnefnd eða formann hennar. Því verði ekki séð að kirkjuvörður hafi brotið trúnað við málshefjanda.

Hvað verði meint trúnaðarbrot formanns sóknarnefndar þá sé það álit málshefjanda að formaður hafi brotið trúnað gegn sér með því að leyfa sér að reyna að eiga samskipti við hana

um umrædd símtöl. Trúnaðarbrotið felist í því að formaður hafi tjáð sig um símtölin við málshefjanda. Ómögulegt sé að heimfæra þessi samskipti undir trúnaðarbrot. Málshefjandi átti eða mátti vita um símtölin og því ekki trúnaðarbrot þó um þau væri rætt, einslega, við málshefjanda. Hugsanlega myndi öðru máli gegna ef um símtöl eða samskipti hefði verið rætt við þriðja aðila í því sambandi. Því sé hér ekki til að dreifa og komi trúnaðarbrot því ekki til greina að því er varðar háttsemi formanns sóknarnefndar. Haldið skuli til haga, enn og aftur, að síðar kom í ljós að umrædd símtöl voru málshefjanda óviðkomandi. Í eðli sínu felist trúnaðarbrot í því að brotinn sé trúnaður við ákveðna persónu, hvort sem það er einstaklingur, óskilgreindur hópur einstaklinga eða hvers konar lögpersóna. Brotinn er þá trúnaður um atriði sem viðkomandi kemst að eða hefur aðgang að vitneskju um, stöðu sinnar vegna. Trúnaðarbrot felst þá í því að upplýsa þriðja aðila sem málinu er óviðkomandi eða ekki ber að hafa aðgang að umræddri vitneskju. Enginn þriðji aðili sé í samskiptum málshefjanda og gagnaðila. Grundvallarforsendu þess að um trúnaðarbrot geti verið að ræða skorti, þ.e. tilvist svokallaðs þriðja aðila sem málinu væri óviðkomandi.

6. NIÐURSTAÐA

6.1 Inngangur

Sérstakar starfsreglur hafa verið settar um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998. Samkvæmt 5. gr. starfsreglnanna skal úrskurðarnefndin, þegar beiðni um úrlausn hefur borist henni, meta hvort úrlausnarefnið heyri undir nefndina. Í því felst að meta hvort úrlausnarefnið teljist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi og varði með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar. Til viðbótar metur nefndin hvort málshefjandi teljist eiga hagsmuna að gæta af því að fá efnislega meðferð hjá nefndinni á erindi sínu.

Úrskurðarnefndin hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að úrlausnarefni það sem málshefjandi hefur vísað til nefndarinnar skuli fá efnislega meðferð hjá nefndinni. Ábendingum gagnaðila um að úrskurðarnefndin eigi, að eigin frumkvæði, að vísa málinu frá vegna óskýrleika, er því hafnað.

Kröfugerð málshefjanda er sprottin af því að hún telur gagnaðila annars vegar hafa borið á sig lygar með því að fullyrða að hún hafi hringt þrjú símtöl að morgni 5. mars sl. Hins vegar hafi gagnaðilar brotið trúnað gegn sér með því að gagnaðili B hafi skýrt gagnaðila C frá meintum símtölum hennar að morgni 5. mars. Þá hafi gagnaðili C borið á málshefjanda að hún hafi „böggad“ B með meintum símtölum og þar með upplýst hana um að honum var kunnugt um meint símtöl hennar við kirkjuna að morgni 5. mars.

6.2 Meint símtöl málshefjanda að morgni 5. mars 2010

Í gögnum málsins kemur fram að gagnaðilar fullyrtu framan af að málshefjandi hafi verið sú kona sem hringdi þrjú símtöl að morgni 5. mars sl., tvö í síma ...kirkju og eitt til D. Við meðferð málsins hjá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hefur málshefjandi lagt fram gögn sem sýna að hún úr sínum sínum hringdi hvorki í ...kirkju né sóknarprestinn þennan morgun. Gagnaðilar fullyrtu á fyrri stigum málsins að þeir hafi komist að því að það var málsaðili sem hringdi með því að rekja símanúmer sem hafi birst og það hafi verið símanúmer málshefjanda. Þá hefur D staðfest á fundi úrskurðarnefndar að konan sem hringdi í hann að morgni 5. mars sl. var ekki málshefjandi.

Meðferð málsins hjá úrskurðarnefnd hefur þannig leitt í ljós að fullyrðingar gagnaðila um að málshefjandi ætti hlut að máli varðandi þessi símtöl voru rangar.

Málshefjandi telur gagnaðila vísvitandi hafa logið upp á hana þessum símtölum. Gagnaðilar hafa við meðferð málsins hjá úrskurðarnefnd skýrt frá því að þeir trúðu því að málshefjandi hafi að morgni 5. mars sl. hringt þrjú símtöl, tvö í gagnaðila C og eitt í D. Þeir töldu sig því ekki vera að ljúga þessum símtölum upp á málshefjanda. Við meðferð málsins hafi verið lögð fram gögn sem sýna að þessi trú gagnaðila var á misskilningi byggð. Í gögnum málsins segjast gagnaðilar hafa harmað þennan misskilning og telja sig hafa beðið velvirðingar á þeirri meingerð sem sá misskilningur kunni að hafa haft í för með sér gagnvart málshefjanda.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur misvísandi frásagnir gagnaðila í gögnum málsins af símtölum að morgni hinn 5. mars sl. vera óheppilegar. Gegn eindregnum mótmælum gagnaðila verður ekki talið að þeir hafi vísvitandi logið símtölunum upp á málshefjanda. Fyrir liggur að gagnaðilar hafa við meðferð málsins gefið yfirlýsingu um að allar frásagnir þeirra um að málshefjandi hafi hringt í ...kirkju að morgni 5. mars sl. séu á misskilningi byggðar. Í greinargerð gagnaðila dags. 25. október sl. kemur fram að þeir telji sig hafa beðið málshefjanda velvirðingar á þeirri meingerð sem þessi misskilningur kunni að hafa haft í för með sér gagnvart henni.

Í ljósi skýrra yfirlýsinga gagnaðila um að fullyrðingar þeirra um meint símtöl málshefjanda við gagnaðila B að morgni 5. mars sl. hafi verið á misskilningi byggðar og að þeir harmi þann misskilning telur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ekki unnt að fallast á að gagnaðilar hafi vísvitandi logið þessum símtölum upp á málshefjanda. Þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til frekari skoðunar krafa málshefjanda um að gagnaðilum verði endanlega vikið úr störfum sínum við ...sókn vegna þessa.

6.3 Meint trúnaðarbrot gagnaðila gagnvart málshefjanda

Gagnaðilar hafa viðurkennt að gagnaðili B hafi skýrt gagnaðila C frá tveimur símtölum í síma kirkjunnar að morgni 5. mars 2010 og upplýst gagnaðila C um nafn þess sem hringdi og töldu báðir að málshefjandi ætti hlut að máli. Fyrir liggur að það var misskilningur.

Gagnaðili C hefur viðurkennt að hafa að fyrra bragði rætt þessi símtöl við málshefjanda á sameiginlegum vinnustað beggja undir þeim formerkjum að inna hana eftir því hvað hún væri að „böggja“ kirkjuvörðinn.

Gagnaðilar hafa lagt fram ráðningarsamning gagnaðila B. Þar segir m.a. í e-lið 9. töluliðar að öllum sem leiti til kirkjunnar skuli sýnd virðing og hlýja og um erindi þeirra fjallað af ábyrgð og umhyggju. Í f-lið sama töluliðar kemur fram að starfsmaður skuli sýna fulla þagmælsku um það sem hann heyrir og sér í starfi sínu. Þessi ákvæði ráðningarsamnings gagnaðila B eru árétting á samhljóða ákvæðum í siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Fallast verður á það með gagnaðilum að símtöl þau sem áttu sér stað að morgni 5. mars sl. og sem af misskilningi voru eignuð málshefjanda, hafi verið af þeim toga að gagnaðili B mátti telja sig þurfa að upplýsa formann sóknarnefndar um efni þeirra. Úrskurðarnefndin telur jafnframt að upp geti komið tilvik þar sem starfsmanni í stöðu gagnaðila B sé nauðsynlegt að upplýsa yfirboðara sína um efni símtala. Öðru máli gegnir um það hvort starfsmanni í stöðu gagnaðila B sé með sama hætti heimilt að upplýsa yfirboðara sína um það hvaða einstaklingur eigi hlut að máli. Í ljósi skýrra þagmælskufyrirmæla gagnaðila B samkvæmt ráðningarsamningi og siðareglum sem honum ber að fylgja er ekki á það fallist að honum hafi borið að upplýsa gagnaðila C um

nafn þess sem hringdi enda vandséð hvaða máli skipti hvaða einstaklingur hringdi með þau erindi sem í símtölunum fólust.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að gagnaðili B hafi brotið trúnað í starfi með því að upplýsa gagnaðila C um nafn þess sem hringdi í kirkjuna að morgni 5. mars sl. Skiptir ekki máli í því sambandi þó sá sem hringdi hafi ekki verið málshefjandi heldur einhver annar. Fyrir liggur að gagnaðilar töldu að málshefjandi hafi átt hlut að máli og hegðuðu sér gagnvart henni samkvæmt því. Gagnaðili B telst með þessu hafa brotið gegn f-lið 9. tölul. ráðningarsamnings síns og 3. tölul. siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að gagnaðila C hafi mátt vera ljóst að gagnaðili B braut trúnað gagnvart þeim sem hringdi þegar gagnaðili B upplýsti hann um nafn viðkomandi. Þegar af þeirri ástæðu hafi gagnaðila C mátt vera ljóst að honum var óheimilt að upplýsa meintan hringjanda um vitneskju sína um símtölin. Til viðbótar kemur að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að gagnaðili C hafi með því að væna málshefjanda um það að „böggja“ gagnaðila B með umræddum símtölum farið út fyrir starfsvið sitt sem formaður sóknarnefndar um leið og hann hafi brotið ákvæði siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar. Sem formaður sóknarnefndar teljist gagnaðili C til starfsfólks, sbr. úrskurð áfryjunarnefndar þjóðkirkjunnar í máli nr. 1/2005. Með því að ræða að fyrra bragði við málshefjanda um meint símtöl hennar, sem hann mátti vita að hann átti ekki að vita um aðild hennar að, telur úrskurðarnefndin að gagnaðili C hafi ekki virt takmörk sín sem formaður sóknarnefndar, sbr. 6. tölul. siðareglanna auk þess sem samtalið hafi verið óviðeigandi hegðun af hans hálfu, sbr. 7. tölul. sömu reglna. Skiptir engu í því sambandi þótt síðar hafi komið í ljós að aðkoma málshefjanda að símtölunum var á misskilningi byggð enda liggur fyrir að gagnaðilar báðir hegðuðu sér gagnvart málshefjanda eins og hún hafi átt hlut að máli.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að háttsemi beggja gagnaðila að þessu leyti vera ámalisverða en telur þó ekki að hún varði brottvikningu þeirra úr starfi. Hins vegar beinir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar þeim tilmælum til sóknarnefndar ...sóknar að hún áminni báða gagnaðila fyrir háttsemina og þau brot sem hún telur að í henni hafi falist, sbr. það sem að framan er rakið.

6.4 Krafa um tilmæli til prófests og Biskupsstofu

Í síðari greinargerð sinni gerir málshefjandi kröfu um að úrskurðarnefndin leggi til gagngera endurskoðun á vinnubrögðum og úrræðum prófesta og Biskupsstofu við meðferð ágreiningsmála eins og trúnaðarbrot, þannig að brotapolar geti treyst á faglega starfshætti hjá þessum ábyrgðaraðilum.

Verksvið úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar er skýrt í þeim lögum og reglum sem hún starfar eftir. Þessi krafa málshefjanda fellur ekki undir verksvið nefndarinnar. Þegar af þeirri ástæðu er henni vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

6.5 Málskostnaður

Gagnaðilar hafa krafist þess að úrskurðarnefndin ákveði að málskostnaður verði lagður á málshefjanda, bæði málskostnaður gagnaðila sem og kostnaður vegna starfa nefndarinnar. Samkvæmt 19. gr. starfsreglna nr. 730/1998 er meginreglan sú að málsaðilar bera kostnað sinn sjálfir vegna meðferðar máls fyrir nefndinni og Kirkjumálasjóður greiðir að jafnaði kostnað við störf nefndarinnar, en nefndinni er þó heimilt að ákveða að annar eða báðir málsaðilar greiði kostnaðinn, án tillits til hvort krafa þar að lútandi komi fram. Umrætt ákvæði starfsreglanna veitir nefndinni ekki heimild til að leggja málskostnað annars málsaðila á hinn.

Þegar af þeirri ástæðu er þeirri kröfu gagnaðila á hendur málshefjanda vísað frá nefndinni. Úrskurðarnefndin telur engin málsatvik í máli þessu kalla á að nefndin ákveði að annar eða báðir aðilar greiði kostnað af störfum nefndarinnar. Hafnað er kröfu gagnaðila um að kostnaður vegna starfa nefndarinnar verði lagður á málshefjanda.

Úrskurðarorð:

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar hafnar kröfu A um að nefndin leggi til að B og C, vegna lyga og trúnaðarbrotá gagnvart henni, verði vikið úr störfum sínum við ...kirkju.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur B hafa brotið ákvæði f-liðar 9. töluliðs ráðningarsamnings og 3. tölul. siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar gagnvart A.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur C hafa brotið ákvæði 6. og 7. tölul. siðareglna vígðra þjóna og starfsfólks þjóðkirkjunnar gagnvart A.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar beinir þeim tilmælum til sóknamefndar Selfosssóknar að hún veiti B og C áminningu vegna brota þeirra gagnvart A.


Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu A um að nefndin leggi til gagngera endurskoðun á vinnubrögðum og úrræðum prófasta og Biskupsstofu við meðferð ágreiningsmála eins og trúnaðarbrotá, þannig að brotáþolar geti treyst á faglega starfshætti hjá þessum ábyrgðaraðilum.


Frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar er vísað kröfu B og C um að A greiði málskostnað þeirra.

Hafnað er kröfu B og C um að A greiði kostnað af störfum úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar vegna máls þessa.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.¹

Reykjavík, 22. nóvember 2010


Dögg Pálsdóttir


Arnfríður Einarsson


sr. Hreinn S. Hákonarson

¹ Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.